

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Landsvirkjun
kt. 420269-1299

Starfsstöð: Fljótsdalsstöð, 701 Egilsstaðir

Leyfið gildir frá 20. apríl 2021 til 20. apríl 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir rekstri virkjunar til 690 MW rafmagnsframleiðslu ásamt stíflumannvirkjum tengdum henni, sbr. lið 9.1.3. í viðauka X með reglugerð 550/2018 m.s.br.

Ásamt ofangreindri starfsemi gildir starfsleyfi þetta fyrir rekstri verkstæðis, olíumannvirkja til eigin nota, starfsmannabústað, mótuneyti, vatnveitur og fráveitur.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., efnalaga nr. 61/2013 m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br. og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Landsvirkjun, kt. 420269-1299

Starfsstöð: Fljótsdalsstöð, 701 Egilsstaðir

Leyfið gildir frá 20. apríl 2021 til 20. apríl 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **690 MW vatnsaflsvirkjun ásamt tilheyrandi stíflum og mannvirkjum sem þjóna starfseminni, sbr. viðauka I með leyfi þessu.**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðan greindum lögum og á grunni umsóknar dags. 14. ágúst 2020 ásamt fylgigögnum.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.*
- *Efnalög nr. 61/2013, m.s.br.*
- *Lög nr. 93/1995 um matvæli, m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, m.s.br.*

1. Lýsing á starfseminni og mengunarvörnum og skilyrði sem gilda

1.1. Fljótsdalsstöð

Fljótsdalsstöð virkjar jökulár Vatnajökuls. Virkjunin samanstendur af

- a) stíflum
 - i. Kárahnjúkastíflu, Desjarárstíflu og Sauðárstíflu, sem stífla Jökulsá í Dal við Fremri Kárahnjúk og mynda saman Háslón
 - ii. Ufsarstíflu, sem stíflar Jökulsá í Fljótsdal og myndar inntakslónið Ufsarlón. Að auki er vatni veitt austan af Hrauni í Ufsarlón um miðlunarlónið Kelduárlón, ásamt því sem vatni er veitt úr Grjótá, Ytri og Innri Sauða í Kelduárlón
- b) lokubúnaði
 - i. í Teigsbjargi
 - ii. á gatnamótum aðrennslisganga við Axará
 - iii. við inntak aðrennslisganga við Háslón
 - iv. við inntak aðrennslisganga við Ufsarlón
 - v. botnrás Háslóns í Kárahnjúkastíflu
 - vi. botnrás Ufsarlóns í Ufsarstíflu
 - vii. botnrás Grjótárlóns í Grjótárstíflu
 - viii. í Kelduárgöngum

Í lokumannvirkjum er vél- og rafbúnaður til stjórnunar á hjóla- og geiralokum í vatnsvegum

- c) aðrennslisgöngum frá Háslóni og Ufsarlóni í stöðvarhúsi í Fljótsdal
- d) stöðvarhúsi í Valþjófsstaðafjalli
- e) frárennslisskurði úr stöðvarhúsi út í Jökulsá í Fljótsdal
- f) hlaðhúsi/þjónustuhúsi Fljótsdalsstöðvar
- g) vatnsveitum
- h) fráveitum
- i) olíumannvirkjum til eigin nota

Um starfsemina gildir m.a.

- *fylgiskjal I - Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*

Varðandi efni, notkun þeirra, geymslur og magn á hverjum stað vísast til viðauka I sem fylgir starfsleyfi þessu.

1.2. Vatnsveitur

Vatnsveitur eru þrjár.

- a) Fyrir Fljótsdalsstöð.
- b) Fyrir inntaksmannvirki við Háslón.
- c) Við Ufsarstíflu.

Innra eftirlit vatnsveitu: Til þess að tryggja gæði og öryggi neysluvatns ber rekstraraðila að viðhafa innra eftirlit vegna starfseminnar. Eftirtalda þætti þarf að skoða að lágmarki árlega en oftast ef þurfa þykir.

- Athuga girðingar umhverfis vatnsból og lafæra þær ef þurfa þykir.
- Athuga hvort hætta sé á að meindýr komist í vatnsbólið.
- Ganga úr skugga um að ekkert sem spillt geti vatnsbóli sé í nánasta umhverfi þess. Sérstaklega er athugað að dýrahæ og annað sem valdið geti mengun séu fjarlægð.

Þá þarf að fylgjast reglulega með síum í vatnsleiðslum og krönum. Skipta skal um síurnar eftir þörfum.

Ef vart verður við óeðlilega breytingu á neysluvatni skal taka sýni til rannsóknar á viðurkenndri rannsóknarstofu. Sama gildir ef vart verður mengunar í nágrenni vatnsbólts sem ætla mætti að geti spillt gæðum neysluvatns.

1.3. Fráveitur og mengunarvarnir

1.3.1. Rotþrær

Hreinsivirki skólps eru fjögur.

- a) Fráveita frá salernum í þjónustuhúsi er leidd í 4400 lítra rotþró úr plasti með siturlögnum.
- b) Fráveita frá salernum í stöðvarhúsi er leidd í sérstakt hreinsivirki. Afkastageta hreinsivirkisins er 5 persónueiningar og miðast við þriggja þrepa hreinsun.
- c) Fráveita frá inntaksmannvirki við Háslón er leidd í 1500 lítra rotþró með siturlögnum.
- d) Fráveita frá innstaksmannvirki við Ufsarstíflu er leidd í 1500 lítra rotþró með siturlögnum.

Einungis aðili með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd má flytja og farga skólpi og seyru.

1.3.2. Fituskilja

Fráveita frá eldhúsi í þjónustuhúsi er leidd í fituskilju af gerðinni NS3 áður en hún er tengd inn á safnlögn til rotþróar.

1.3.3. Olíuskiljur

Fráveita frá afgreiðslu- og áfyllingarplani eldsneytisafgreiðslu, verkstæðisaðstöðu og díselstöðvar í þjónustuhúsi er tengd 1300 lítra olíuskilju. Sjálfvirkur viðvörunarbúnaður er í skiljunni sem er tengdur við stjórnkerfi stöðvarinnar.

Fráveita frá inntaksmannvirki Háslón er leidd í 1500 lítra olíuskilju.

Fráveita frá olíuskiljum má leiða í grjótsvelg eða siturlagnir ef tryggt er að minna en 15 ppm af olíu séu í frárennslinu.

Olíuskiljur skulu gerðar í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunnar og uppfylla staðla um olíuskiljur, sbr. viðauka II í reglugerð nr. 884/2017.

1.4. Olíumannvirki til eigin nota

Varðandi olíugeyma sem þjóna starfsemi vísast til viðauka I sem fylgir starfsleyfi þessu.

Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.

Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðrum lífheldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Krafa er um tiltækan mengunarvarnabúnað, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, til að bregðast við minni mengunaróhöppum á þeim svæðum sem unnið er með olíur.

1.5. Þjónustuhús Fljótsdalsstöðvar (Hlaðhús)

Þjónustuhús er staðsett á yfirborði lands framan við aðkomugögn stöðvarhúss. Í þjónustuhúsi er mótuneyti, starfsmannaíbústaður og önnur sameiginleg aðstaða starfsmanna, skrifstofuaðstaða, verkstæðisaðstaða, sorpgeymsla, varaafsstöð og eldsneytisafgreiðsla.

1.5.1. Mötuneyti

Um er að ræða mötuneyti með fullbúnu eldhúsi og matsal fyrir allt að 50 manns.

Kröfur um innra eftirlit: Í samræmi við ákvæði 10. greinar matvælalaga nr. 93/1995 bera stjórnendur matvælafyrirtækja ábyrgð á því að sett sé á fót og starfrækt innra eftirlit með starfseminni. Innra eftirlit fyrirtækisins skal miðast við eðli og umfang starfseminnar. Nánari upplýsingar um framkvæmd og fyrirkomulag innra eftirlits er að finna á heimasíðu matvælastofnunnar.

Um starfsemina gildir m.a.

- *fylgiskjal II – Viðmiðunarreglur um veitingahús og veitingasölu frá 2006, eftir því sem við á*

1.5.2. Starfsmannabústaður

Um er að ræða gistaðstaða í sex herbergjum með fullbúnu baðherbergi á efri hæð þjónustuhússins. Starfsmenn hafa einnig aðgang að sameiginlegri setustofu, heitum potti, líkamsrækt og saunaklefa.

Um starfsemina gildir m.a.

- *fylgiskjal III – Starfsleyfisskilyrði fyrir starfsmannabústað*

1.5.3. Verkstæðisaðstaða

Um er að ræða viðgerðaraðstöðu til viðhalds og viðgerða á vélum og tækjum í eigu fyrirtækisins.

Um starfsemina gildir m.a.

- *fylgiskjal IV – Starfsleyfisskilyrði fyrir almenn bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur*

1.5.4. Eldsneytisafgreiðsla

Afgreiðslustöð fyrir eldsneyti með sjálfsafgreiðslubúnað er sunnan við þjónustuhúsið. Um er að ræða 15.000 lítra geymi með díselolíu ætlaður vinnuvélum og ökutækjum sem tengjast rekstri virkjunarinnar. Afgreiðsluplanið er með bundið slitlag og tengt olíuskilju.

Um kröfur til afgreiðslustöðva eldsneytis gildir kafli IV. í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

1.6. Stöðvarhús

Stöðvarhúsi er staðsett í helli um 1000 m inni í Valþjófsstaðafjalli. Þar eru m.a. staðsettar aflvélar sem geta framleitt allt að 690 MW, spennavirki og geymslur.

Um spennavirki gildir m.a.

- *fylgiskjal V – Starfsleyfisskilyrði fyrir stórar spennistöðvar.*

Varðandi spenna, geymslur, efnavöru og magn sem er að finna í stöðvarhúsi vísast til viðauka I sem fylgir starfsleyfi þessu.

2. Prófanir og sýnatökur

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

2.1. Sýnataka af fráveitu olíuskilju

Rekstraraðili skal framkvæma mælingar á frárennslisvatni frá olíuskiljum reglulega. Tíðni mælinga á fráveituvatni olíuskilju skulu ákveðnar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og einnig skráðar í gögn um innra eftirlit starfsstöðvar. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm (mg/l) af olíu í fráveituvatni frá skiljunni.

Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olía í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka.

Nota skal sýnatökuaðila og rannsóknastofu sem Heilbrigðiseftirlit Austurlands samþykkir.

2.2. Sjálfvirkur búnaður

Rekstraraðili skal láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema o.þ.h., árlega. Niðurstöður skulu skráðar í gögn um innra eftirlit starfsstöðvar.

3. Skráningar innra eftirlits

Krafa er um að starfsleyfishafi viðhafi virkt og sýnilegt innra eftirlit. Eftirfarandi skal liggja fyrir og vera aðgengilegt eftirlitsaðila.

3.1. Tæknilegar upplýsingar

Halda skal skrá um tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og olíugeyma, olíu- og sandskiljur, fituskilju og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, dælu- og rafbúnað.

Halda skal skrá yfir olíugeyma þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: nafn framleiðanda, staðsetning olíugeymis, olíutegund, númer geymis, byggingarár, líftími olíugeymis sé hann uppgefinn, stærð og smíðastaðall. Enn fremur skal skrá tegund yfirfyllivarnar og tegund lekaviðvörunar ef við á.

Lagnateikningar skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

3.2. Skráningar innra eftirlits

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Innra eftirlit skal skráð og dagsett með eftirtalin atriði, ef við á.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á fitu-, olíu- og sandskiljum. Við tæmingu skal skrá magn sands, olíusora og fitu sem er tekið.
- Rannsóknaniðurstöður sýnatöku fráveitu frá olíuskilju.
- Eftirlit og meiriháttar viðhald og endurbætur olíugeyma.
- Birgðauppgjör olíugeyma.
- Þrýsti- og lekaprófanir á geymum og lögnum.
- Árlegar prófanir á sjálfvirkum búnaði.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

4. Almenn ákvæði

4.1. Ábyrgð starfsleyfishafa

Starfsleyfishafi er ábyrgur fyrir starfseminni og því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni sem og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sinnar og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun loftslags, láðs og lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum.

Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir hafi hún verið skilgreind og nýta orku vel.

4.2. Viðbragðsáætlun – tilkynningar um mengunarslys

Fyrirtækið skal setja sér viðbragðsáætlun sem gripið skal til ef ófyrirséð mengunarhætta stafar að.

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.

4.3. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfi eftir því sem við á. Ef fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, sbr. 1. mgr. er umtalsverð skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfið.

4.4. Endurskoðun starfsleyfis

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Leiði endurskoðun eða breyting á starfsleyfi til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

4.5. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Geymsla spilliefnaúrgangs á athafnasvæði starfstöðvar skal vera undir þaki eða skyggni með aðstöðu til að geyma úrganginn á viðeigandi hátt. Spilliefni mega ekki blotna.

Urðun og brennsla úrgangs er með öllu óheimil. Allan úrgang sem fellur til við starfsemina skal fluttur af svæðinu og komið til viðeigandi meðhöndlunar.

4.6. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Halda skal vinnusvæðum, húsnæði, tækjabúnaði og umhverfi snyrtilegu eftir því sem kostur er.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóð eða öðrum athafnasvæðum sem þetta starfsleyfi nær yfir.

Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfsemiinni safnist fyrir á lóð.

4.7. Valdsvið og þvingunarúrræði

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

20. apríl 2021
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir
heilbrigðisfulltrúi